

Sparisjóður Strandamanna

Ársreikningur 2007

Sparisjóður Strandamanna
Hafnarbraut 19
510 Hólmavík

kt. 610269-4199

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3	Eiginfjáryfirlit	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar við ársreikninginn	9
Efnahagsreikningur	6		

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur Sparisjóðs Strandamanna er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður út frá sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum eru nú færðir á gangvirði í stað kostnaðarverðs áður og niðurfærsla vegna útlána er metin með öðrum hætti en áður var.

Áhrif breytinga á eigið fé sjóðsins 1. janúar 2007 vegna breyttra reikningsskilaaðferða er að eigið fé sjóðsins hækkar um 87,3 millj. kr. Frekari upplýsingar um áhrif af breyttum reikningsskilaaðferðum er að finna í skýringum með ársreikningnum.

Hagnaður varð af rekstri sparisjóðsins á árinu að fjárhæð 66,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 829,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 32,4%. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verðir 25,35% arður vegna ársins 2007. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 3,1%. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 204,4 millj.kr., en stofnfé sjóðsins var aukið um 195,2 millj.kr. á árinu. Ónýt heimild stjórnar til aukningar stofnfjár nam 14,8 millj.kr. í árslok. Stofnfjáraðilar voru 102 í árslok og fjölgaði um 10 á árinu.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Strandamanna staðfesta ársreikning sparisjóðsins með undirritun sinni.

Hólmavík, 24. mars 2008

Stjórn

Björn Torfason
Formaður

Sigurður Jónsson

Jenný Jensdóttir

Guðjón Sigurgeirsson

Þórður Sverrisson

Sparisjóðsstjóri

Guðmundur B. Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáraðila í Sparisjóði Strandamanna.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Strandamanna fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 24. mars 2008

KPMG hf.

Helgi F. Arnarson

Rekstrarreikningur

2007

	Skýr.	2007	2006
Vaxtatekjur		99.680	90.828
Vaxtagjöld		(65.805)	(51.784)
Hreinar vaxtatekjur	24	33.875	39.044
Þjónustutekjur		9.950	9.023
Þjónustugjöld		(1.637)	(1.348)
Hreinar þjónustutekjur		8.313	7.675
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði	25	85.402	112.100
Aðrar rekstrartekjur		14.281	8.207
Hreinar rekstrartekjur		141.871	167.026
Laun og launatengd gjöld	26	27.890	24.250
Annar rekstrarkostnaður		30.305	22.843
Afskriftir		183	183
Rekstrargjöld samtals		58.378	47.276
Virðisrýrnun útlána	31	(2.215)	(4.449)
Hagnaður fyrir skatta		81.278	115.301
Tekjuskattur	37	(14.358)	(20.680)
Hagnaður ársins		66.920	94.621

Efnahagsreikningur

31. desember 2007

	Skýr.	31.12.2007	1.1.2007
Eignir			
Sjóður		6.783	7.380
Kröfur á lánastofnanir		27.745	90.987
Útlán	29-31	834.154	576.239
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	32	962.130	565.146
Hlutdeildarfélag	33	6.057	1.854
Rekstrarfjármunir	34	8.208	8.392
Aðrar eignir		271	247
	Eignir samtals	1.845.348	1.250.245
Skuldir			
Almenn innlán		559.998	440.790
Lántaka	35	394.735	199.698
Lífeyrisskuldbinding	36	9.621	9.658
Tekjuskattur til greiðslu		8.435	7.974
Tekjuskattsskuldbinding	37-38	28.439	22.516
Aðrar skuldir		14.282	11.132
	Skuldir samtals	1.015.510	691.768
Eigið fé			
Stofnfé		204.487	8.275
Varasjóður		625.351	550.202
	Eigið fé samtals	829.838	558.477
	Skuldir og eigið fé samtals	1.845.348	1.250.245

Eiginfjáryfirlit fyrir árið 2007

	Skýr.	Stofnfé	Varasjóður	Samtals eigið fé
Breytingar á eigin fé 2006:				
Eigið fé 31. desember 2005		3.690	410.735	414.425
Breytingar vegna nýrra reikningsskilaaðferða	46	<u> </u>	<u>46.290</u>	<u>46.290</u>
Eigið fé 1. janúar 2006, nýjar reikningsskilaaðferðir		3.690	457.025	460.715
Hagnaður ársins			94.621	94.621
Arðgreiðslur			(1.107)	(1.107)
Stofnfé, breyting		4.248		4.248
Endurmat á stofnfé		<u>337</u>	<u>(337)</u>	<u>0</u>
Eigið fé 31. desember 2006, nýjar reikningsskilaaðferðir		<u>8.275</u>	<u>550.202</u>	<u>558.477</u>

		Stofnfé	Varasjóður	Samtals eigið fé
Breytingar á eigin fé 2007:				
Eigið fé 31. desember 2006		8.275	462.865	471.140
Breytingar vegna nýrra reikningsskilaaðferða	46	<u> </u>	<u>87.337</u>	<u>87.337</u>
Eigið fé 1. janúar 2007, nýjar reikningsskilaaðferðir		8.275	550.202	558.477
Hagnaður tímabilsins			66.920	66.920
Stofnfé, breyting		195.222	10.048	205.270
Arðgreiðslur			(829)	(829)
Endurmat á stofnfé		<u>990</u>	<u>(990)</u>	<u>0</u>
Eigið fé 31. desember 2007		<u>204.487</u>	<u>625.351</u>	<u>829.838</u>

Sjóðstreymisyfirlit

fyrir árið 2007

	Skýr	2007	2006
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins.....		66.920	94.621
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(580)	422
Afskriftir rekstrarfjármuna		184	183
Virðisrýrnun útlána	31	2.215	3.645
		68.739	98.871
Útlán og kröfur, breyting	(285.630)	(118.726)
Fjáreignir á gangvirði, breyting	(398.497)	(99.255)
Aðrar eignir, breyting	(24)	(5.072)
Innlán, breyting		185.197	26.105
Lántaka, breyting		195.037	42.477
Lífeyrisskuldbinding, breyting	37	(37)	(303)
Skattskuld, breyting	38-39	14.358	12.706
Aðrar skuldir, breyting		3.150	10.947
		(217.707)	(32.250)
Innheimtir vextir og arður		99.537	93.039
Greiddir vextir	(65.988)	(70.445)
Greiddur tekjuskattur	(7.974)	0
Handbært fé til rekstrar		(192.132)	(9.656)
Fjárfestingahreyfingar:			
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum	34	(3.623)	0
Fjárfestingahreyfingar		(3.623)	0
Fjármögnunarhreyfingar:			
Seld stofnfjárbréf		205.270	4.248
Arðgreiðslur	(829)	(1.107)
Fjármögnunarhreyfingar		204.441	3.141
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		8.686	(6.515)
Handbært fé í ársbyrjun		19.245	25.760
Handbært fé í árslok	23	27.931	19.245

Skýringar við ársreikning sjóðsins

Almennar upplýsingar

1. Upplýsingar um sparisjóðinn

Sparisjóður Strandamanna er með höfuðstöðvar að Hafnarbraut 19, Hólmavík. Hlutverk Sparisjóðs Strandamanna er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Stjórn Sparisjóðs Strandamanna samþykkti ársreiknings sparisjóðsins 24. mars 2008.

2. Grundvöllur reikningsskila

a) Yfirlýsing um að reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana.

Skýring 46 sýnir áhrif innleiðingar breyttra reikningsskilaaðferða á fjárhagsstöðu og afkomu sparisjóðsins. Í skýringunni eru sýndar breytingar á samanburðarfjárhæðum eiginfjár og afkomu sparisjóðsins eins og þær voru birtar samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum fyrir árið 2006 og eins og þær birtast samkvæmt breyttum reikningsskilaaðferðum. Eftirfarandi eru breytingar sem gerðar voru á reikningsskilaaðferðum sjóðsins:

Lántökugjöld

Lántökugjöld tekjufærast/gjaldfærast nú á lánstímanum í stað þess að vera færð sem tekjur/gjöld á lántökudegi. Þar af leiðandi lækka vaxtatekjur og vaxtagjöld sparisjóðsins til skamms tíma, en langtímaáhrif verða óveruleg.

Virðisrýrnun útlána og krafna

Sparisjóðurinn yfirfer öll útlán til að ganga úr skugga um hvort þar sé að gæta hlutlægra vísbendinga um virðisrýrnun sem áhrif hefur á vænt fjárstreymi af útláninu. Útlánið verður þá fært niður í núvirði vænts fjárstreymis. Niðurfærsla vegna annarra útlána er metin út frá útlánatöpum sparisjóðsins á undanförunum árum.

Vaxtafrysting útlána

Vaxtafrysting útlána hefur verið hætt, en samkvæmt eldri reglum voru vextir af útlánum þar sem vanskil voru eldri en þriggja mánaða ekki tekjufærðir.

Óskráðar eignir metnar á gangvirði

Sparisjóðurinn metur nú öll hlutabréf sín í óskráðum félögum á áætluðu gangvirði í stað kaupverðs eða markaðsverðs, ef það var áætlað lægra en kaupverðið. Þessar breytingar leiða til gengishagnaðar sem færast í rekstrarreikning.

c) Matsaðferðir

Ársreikningur sparisjóðsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að ákveðnar fjáreignir hafa verið tilgreindar á gangvirði.

d) Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

e) Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Skýringar, frh.:

2. frh.:

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir teknar við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa verulega áhrif á ársreikninginn er að finna í skýringu 22.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

3. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og jafnframt við gerð efnahagsreiknings 1. janúar 2006 vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum.

a) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru þau félag þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eiga sér alla jafna stað þegar sparisjóðurinn ræður yfir á milli 20% og 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum atkvæðarétti ef einhver er.

Ársreikningur sparisjóðsins inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild sparisjóðsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema sparisjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrir en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jafnað.

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflega bókfærðu verði fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað sparisjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

Ef fjáreign eða safn sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var við útreikning á virðisrýrnuninni. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búið er að taka tillit til virðisrýrnunar.

5. Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem hann fær greitt fyrir. Meðal þessara tekna eru tekjur vegna samninga um viðskipti fyrir þriðja aðila, þjónustutekjur vegna hlutabréfa- og skuldabréfaviðskipta auk annarra tekna. Þjónustutekjurnar eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem sparisjóðurinn kaupir en þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

Skýringar, frh.:

6. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum fela í sér allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar af fjáreignum og fjárskuldum sem tilgreindar hafa verið á gangvirði, arð og gengishagnað eða tap af gjaldmiðlum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar arðgreiðsla er samþykkt.

7. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

8. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna sparisjóðsins, annarra en fjáreigna tilgreindra á gangvirði er endurskoðað á hverjum reikningssskiladegi til að ákvarða hvort einhver merki séu um virðisrýrnun. Ef einhver merki eru um slíkt er endurheimtanlegt verðmæti eignarinnar áætlað.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar hennar verður hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er þá færð í rekstrarreikning.

a) *Virðisrýrnun útlána og krafna*

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun, annars vegar á einstökum lánnum og kröfum og hins vegar tap á ákveðnum lánasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun felst í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:

- (i) umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda;
- (ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól;
- (iii) sparisjóðurinn veitir lántakanda af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandráðum lántakans, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina að hálfu lánveitanda;
- (iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist annars konar fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslegu eign vegna fjárhagslegra vandræða;
- (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflokki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum, þar á meðal:
 - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í flokknum; eða
 - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í flokknum.

Mat einstakra útlána og krafna

Virðisrýrnun á einstökum lánnum og kröfum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Sparisjóðurinn metur á hverjum reikningssskiladegi hvort fyrir liggja hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við matið er tekið tillit til eftirfarandi þátta:

Skýringar, frh.:

8. frh.:

- heildaráhætta sparisjóðsins gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna;
- líklegur ágóði til sparisjóðsins við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurgreiðslu;
- líklegur frádráttur kostnaðar við innheimtu útistandandi fjárhæða.

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfært verð útlána og krafna við núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti. Þegar lán er með breytilegum vöxtum er ávöxtunarkrafan sú sama og gildandi virkir vextir lánsins. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í afskriftareikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

Mat á söfnum útlána og krafna

Þar sem lán og kröfur hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra áhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun þeirra. Þetta tap nær til lána og krafna sem eru virðisrýrð á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er metin með tilliti til eftirfarandi:

- framtíðarsjóðstreymi lánasafns sem er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna;
- söguleg tapreynsla í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaður tími frá því virðisrýrnun hefur átt sér stað þar til hún er greind og færð með sérstöku framlagi í afskriftarreikning;
- mat stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignasöfnum eru í samræmi við breytingar á undirliggjandi gögnum á hverjum tíma, til dæmis breytingum á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á söfnum og fjárhæð taps. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að lágmarka mun á milli áætlaðs og raunverulegs taps.

Endanlegar afskriftir

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra.

b) *Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð af fjárfestingum sparisjóðsins í fjáreignum sem bókfærð er á afskrifuðu kostnaðarverði

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er hreint gangvirði eða notkunarvirði þeirra, hvort sem hærra er. Þegar notkunarvirði er metið, er framtíðarsjóðstreymi núvirt með ávöxtunarkröfu fyrir skatt, sem endurspeglar núverandi markaðsaðstæður og þá áhættu sem fylgir eigninni. Þegar um er að ræða eign sem skapar ekki mikið sjálfstætt sjóðstreymi, er endurheimtanleg fjárhæð ákvörðuð fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

Skýringar, frh.:

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjorsdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sparissjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

10. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

11. Útlán og kröfur á lánastofnanir

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá sem sparissjóðurinn tilgreinir og færir á gangvirði. Útlán og kröfur fela í sér útlán sem sparissjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem sparissjóðurinn tekur þátt í að veita ásamt öðrum lánastofnunum og keypt útlán sem eru óskráð og sparissjóðurinn hefur ekki í hyggju að selja í náinni.

Útlán og kröfur eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

12. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Sparissjóðurinn tilgreinir ákveðnar fjáreignir við upphaflega skráningu þeirra í bókhaldi sem fjáreignir á gangvirði vegna þess að sú tilgreining skilar meira viðeigandi upplýsingum, þar með talið til stjórnenda sparissjóðsins. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning, sem hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði.

13. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Sparissjóðurinn sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.

Skýringar, frh.:

14. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem sparisjóðurinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána og krafna, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar sparisjóðurinn hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar sparisjóðurinn verður hluti af samningsbundnum skuldageringi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding sparisjóðsins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

15. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

16. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunur, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til sparisjóðsins og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi sem gjöld þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	3-5 ár

Svo fremi að niðurlagsverð sé ekki óverulegt er það endurmetið árlega.

17. Innlán

Innlán eru færð upphaflega á gangvirði og eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði.

18. Lántaka

Lántaka sparisjóðsins eru einkum lán frá fjármálafyrirtækjum. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin að frádregnum viðskiptakostnaði. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántökunnar.

19. Lífeyrisskuldbinding

Skuldbinding sem færð er í efnahagsreikning vegna eftirlaunaskuldbindinga er núvirði skuldbindingarinnar á reikningsskiladegi. Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð af tryggingastærðfræðingi árlega. Núvirði lífeyrisskuldbindingarinnar er ákvarðað með því að núvirða áætlað framtíðar sjóðstreymi miðað við vaxtastig ríkisskuldabréfa. Vextir til að núvirða lífeyrisskuldbindinguna eru 2,0%.

Skýringar, frh.:

20. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

21. Eigið fé

a) Stofnfé

Ef stofnfé er keypt af stofnfjáraðila er sú fjárhæð sem greidd er, þar með talinn viðskiptakostnaður, færð til lækkunar á eigin fé.

b) Varasjóður

Í varasjóð er færður hagnaður ársins en arðgreiðslur ársins ásamt endurmati eru færðar úr varasjóð.

c) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur á stofnfé eru færðar til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af stofnfjáraðilum á aðalfundi.

22. Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða.

a) Virðisrýrnun útlána og krafna

Sparisjóðurinn endurskoðar útlánasafn sitt og metur virðisrýrnun reglulega. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf sparisjóðurinn að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi ýmist frá einstökum lánnum eða frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðar sjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

b) Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fáanlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst er við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmátslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Sparisjóðurinn sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.

Skýrsla um áhættustýringu

23. Í daglegri starfsemi sinni sem fjármálafyrirtæki stendur sparisjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Helstu áhættuþættir eru útlánaáhætta, lausafjáraáhætta og markaðsáhætta.

Skýringar, frh.:

23. frh.:

Áhættustefna sjóðsins

Áhættumat ásamt aðgerðum sem beinast að því að takmarka áhættuna með skynsamlegri dreifingu útlána og fjárfestingum í öðrum eignum, er eitt af helstu verkefnum fjármálafyrirtækja. Margir áhættuþættir geta haft slæm áhrif á rekstur sparisjóðinn. Það er stefna stjórnar sjóðsins að fylgst skuli sífellt með og reynt að stjórna helstu áhættuþáttum sem haft geta áhrif á afkomu og eigið fé.

Markmið með áhættustýringu er að greina helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi sjóðsins. Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því gagnvart stofnfjáraðilum að henni sé framfylgt. Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn.

Ferli áhættustýringar og áhættueftirlits

a) *Samningar sem innihalda útlánaáhættu*

Útlánaáhætta sjóðsins verður til við veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Einnig er sparisjóðurinn opinn fyrir útlánaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýtttra yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.

Útlánasafn: Helstu eignir sparisjóðsins eru útlán hans. Til að viðhalda og bæta gæði útlánasafns sjóðsins er mikilvægt að fylgst sé stöðugt með núverandi lánasafni sparisjóðsins.

Skuldbindingar og ábyrgðir: Sparisjóðurinn hefur samþykkt skuldbindingar sem tryggja viðskiptavinum hans tiltekinn aðgang að fjármunum. Hugsanlegt tap vegna skuldbindinga jafngildir fjárhæð heimilda þótt þær séu aðeins notaðar að hluta til hverju sinni.

b) *Stefna varðandi útlánaáhættu*

Undanfarin ár hefur sparisjóðurinn lagt áherslu á vel dreift útlánasafn og bætt gæði útlána. Lánaferlar eru til stöðugrar skoðunar, þ.e. hvað varðar gagnasöfnun, útlánaheimildir, lánsútsóknir, skjalagerð og mat og skráningu trygginga.

Virðisrýrnun útlána

Framlag vegna útlánataps er fært þegar fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um að sparisjóðurinn geti ekki innheimt alla fjárhæð kröfu samkvæmt upphaflegum samningsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum. Afskriftareikningur vegna útlánatapa er færður til lækkunar á bókfærðu verðmæti útlána í efnahagsreikningi. Framlag í afskriftareikninginn er fært sem virðisrýrnun útlána. Afskriftareikningur útlána er metinn sérstaklega gagnvart einstökum mótaðilum eða hópi mótaðila samkvæmt eftirfarandi reglum:

a) *Sérstakar afskriftir*

Krafa telst hafa orðið fyrir virðisrýrnun þegar raunverulegar vísbendingar benda til þess að sparisjóðurinn muni ekki geta innheimt alla kröfuna samkvæmt upprunalegum samningsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum.

Útlán sem orðið hafa fyrir virðisrýrnun eru yfirfarin og metin reglulega. Allar síðari breytingar á fjárhæðum og tímasetningum vænts sjóðstreymis í samanburði við fyrri mót sem leiða til breytinga á afskriftareikningi eru gjaldfærðar sem virðisrýrnun útlána.

Virðisrýrnun er eingöngu bakfærð þegar gæði útlána hafa batnað nægilega mikið til að gild ástæða sé til að ætla að innheimta höfuðstóls og vaxta í tæka tíð í samræmi við upprunaleg samningsákvæði útlánanna geti átt sér stað.

Endanlegar afskriftir eru gerðar þegar krafa í heild sinni eða að hluta telst óinnheimtanleg. Endanlegar afskriftir eru færðar til lækkunar á heildarfjárhæð kröfu og á móti til lækkunar á afskriftareikningi eða sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi. Endurgreiðslur á áður afskrifuðum kröfum eru færðar til lækkunar á gjaldfærðri virðisrýrnun útlána.

Skýringar, frh.:

23. frh.:

b) *Almennar afskriftir*

Öll útlán sem ekki hafa verið færð í sérstakan afskriftareikning eru flokkuð saman í einsleit útlánasöfn þar sem metið er hvort virðisrýrnun sé til staðar innan safnsins. Afskriftir vegna heildarmats á virðisrýrnun er fært sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi og til lækkunar á lánastöðu. Þar sem afskriftir eru ekki færðar vegna einstakra lána, eru vextir reiknaðir á öll lán samkvæmt samningsákvæðum.

Öll lán þar sem engin virðisrýrnun er til staðar hjá mótaðila eru flokkuð saman í hagfræðilega einsleit lánasöfn þar sem metið er hvort virðisrýrnun sé til staðar innan safnsins. Afskriftir vegna heildarmats á virðisrýrnun teljast útgjöld vegna lánataps og leiða til mótfærslu á lánastöðu. Þar sem afskriftir eru ekki veittar vegna einstakra lána, eru vextir reiknaðir á öll lán samkvæmt samningsákvæðum.

Eftirlit og stýring lausafjárahættu

Lausafjárahætta er hætta á tapi vegna þess að sparisjóðurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Sparisjóðurinn fylgist með lausafjástöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Sjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Fjáreignir og fjárskuldir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	0-3 mánuðir	4-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár ár	Án eftir- stöðvatíma	Samtals
Sjóður	6.783					6.783
Kröfur á lánastofnanir	21.148				6.597	27.745
Útlán	102.993	138.757	437.956	154.448		834.154
Fjáreignir á gangvirði	14.867	37.042	83.733	10.376	816.112	962.130
Hlutdeildarfélag					6.057	6.057
Aðrar eignir	271					271
Fjáreignir samtals	146.062	175.799	521.689	164.824	828.766	1.837.140
Almenn innlán	438.414	78.725	11.238	31.622		559.999
Lántaka	17.780	57.930	299.273	19.752		394.735
Aðrar skuldir	14.636	9.497	5.664	2.541		32.338
Fjárskuldir samtals	456.194	136.655	310.511	51.374	0	954.734
Fjáreignir og fjárskuldir	(310.132)	39.144	211.178	113.450	828.766	882.406
Ónýttur yfirdráttur	59.524					59.524

Í lausafjárstýringur sinni miðar sjóðurinn við vænt sjóðstreymi. Munurinn er aðallega sá að þó svo innlán séu bundin í skamman tíma í senn þá er reynslan sú að þau eru til mun lengri tíma. Þá ávaxtar sjóðurinn lausafé sitt að hluta til í markaðsbréfum sem ekki hafa skilgreindan eftirstöðvatíma, en sjóðurinn getur innleyst hvenær sem er.

Eftirlit og stýring markaðsáhættu

Stefna sparisjóðsins er að fylgjast náið með markaðsáhættunni og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem sett eru. Markaðsáhættu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiði.

Skýringar, frh.:

23. frh.:

Vaxtaáhætta

Starfsemi sparisjóðsins lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir (þar á meðal fjárfestingar) og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma, eru endurreiknuð á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum. Hvað varðar breytilega vexti eigna og skulda er sparisjóðurinn einnig í hættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlánsvaxta og LIBOR-vaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Stefnt er að því að halda sem bestu jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna sparisjóðsins nam 350,6 millj. kr. í lok tímabilsins og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam á sama tíma 94,0 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna sparisjóðsins sem bera fasta vexti nemur 152,5 millj.kr. og heildarfjárhæð lántöku sparisjóðsins sem bera fasta vexti nemur 39,7 millj.kr.

Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Fylgst er með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt. Sparisjóðurinn stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu og fylgist með henni í samhengi við heildar eigið fé sparisjóðsins.

Að jafnaði skal miðað við að jafnvægi ríki milli eigna og skulda í erlendum myntum. Þó er heimilt að víkja þar frá, enda sé fylgt ákvæðum reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð. Í því felst að opin gjaldeyrisstaða sparisjóðsins í einstökum erlendum myntum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en nemur 20% af eigin fé hans samkvæmt skilgreiningu í þeim reglum og samkvæmt síðasta birta uppgjöri. Þá skal heildargjaldeyrisjöfnuður sjóðsins hvorki vera jákvæður né neikvæður umfram 30% af eiginfjárgrunni hans samkvæmt síðasta birta uppgjöri.

Fari gjaldeyrisjöfnuður umfram þau mörk sem hér eru tilgreind skal þegar gripið til aðgerða til að laga hann. Skal jöfnuðurinn vera innan tilskilinna marka eigi síðar en innan þriggja viðskiptadaga.

Heildareignir í erlendum gjaldmiðlum nam 492,2 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 355,0 millj. kr.

Skýringar, frh.:

Skýringar við rekstrarreikning

Hreinar vaxtatekjur

24. Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig

<i>Vaxtatekjur</i>	2007	2006
Kröfur á lánastofnanir	7.042	13.422
Útlán til viðskiptamanna	91.513	75.610
Aðrar vaxtatekjur	1.125	1.796
Samtals	<u>99.680</u>	<u>90.828</u>
 <i>Vaxtagjöld</i>		
Almenn innlán	53.656	40.513
Lántökur	7.408	6.056
Önnur vaxtagjöld	4.741	5.215
Samtals	<u>65.805</u>	<u>51.784</u>
 Hreinar vaxtatekjur samtals	 <u>33.875</u>	 <u>39.044</u>

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði

25. Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði greinast þannig:

Arðstekjur	1.513	1.815
Hreinar tekjur af verðbréfum á gangvirði	83.761	109.782
Hreinn gjaldeyrismunur	128	503
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum samtals	<u>85.402</u>	<u>112.100</u>

Starfsmannamál

26. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	24.070	21.129
Launatengd gjöld	3.820	3.121
	<u>27.890</u>	<u>24.250</u>

Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf	5	5
Stöðugildi í árslok	5	5

27. Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra greinast þannig:

Guðmundur B. Magnússon, sparisjóðsstjóri	7.074	6.001
Björn G. Torfason, stjórnarformaður	640	440
Aðrir stjórnarmenn (6)	1.290	887
	<u>9.004</u>	<u>7.328</u>

Skýringar, frh.:

Þóknun til endurskoðenda

28. Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins sundurliðast þannig:

Endurskoðun og gerð ársreiknings	3.400	1.310
Önnur þjónusta	279	0
	<u>3.679</u>	<u>1.310</u>

Skýringar við efnahagsreikning

Útlán til viðskiptavina

29. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

Yfirdráttarlán	112.800	97.534
Víxlar	0	816
Skuldabréf	721.354	477.889
Samtals	<u>834.154</u>	<u>576.239</u>

30. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

Landbúnaður	0,0%	3,8%
Sjávarútvegur	27,8%	21,2%
Iðnaður og verktakar	4,5%	6,0%
Þjónustustarfsemi	29,4%	14,4%
Einstaklingar	38,3%	54,6%
Samtals	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

31. Breytingar á afskriftareikningi útlána greinist þannig:

	Sérgreind	Almenn	Samtals	
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	15.502	26.579	42.081	38.436
Breyting vegna nýrra reikningsskilaaðferða	0	(19.500)	(19.500)	(20.304)
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	15.502	7.079	22.581	18.132
Virðisrýrnun útlána á árinu	770	1.445	2.215	4.449
Endanlega töpuð	(4.489)	0	(4.489)	0
Afskriftareikningur útlána í árslok	<u>11.783</u>	<u>8.524</u>	<u>20.307</u>	<u>22.581</u>

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

32. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði greinast þannig:

	2007	2006
Skráðar eignir:		
Skuldabréf	94.109	75.026
Víxlar	51.909	0
Hlutabréf	39.010	121.315
Skráðar eignir samtals:	<u>185.028</u>	<u>196.341</u>

Skýringar, frh.:

32. frh.

	2007	2006
Óskráðar eignir:		
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	500.964	328.626
Hlutabréf	276.138	40.179
	<u>777.102</u>	<u>368.805</u>
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði samtals	<u>962.130</u>	<u>565.146</u>

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

33. Breytingar á eignarhlutum í hlutdeildarfélagum greinast þannig:

Bókfært verð í upphafi árs	1.854	1.274
Keyptir eignarhlutir	3.623	0
Hlutdeild í afkomu	580	580
Bókfært verð í lok árs	<u>6.057</u>	<u>1.854</u>

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum greinast þannig:	Eignarhluti	Hlutdeild í afkomu	Nafnverð	Bókfært verð
Teris	0,3%	0		1.274
Reiknistofa bankanna	0,4%	580		1.533
Hornsteinar fasteignafélag ehf.	25,0%	0	3.250	3.250
		<u>580</u>		<u>6.057</u>

Rekstrarfjármunir

34. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Húsbúnaður og áhöld	Samtals
Heildarverð 1.1.2007	9.155	7.169	16.324
Afskrifað samtals	(1.480)	(6.452)	(7.932)
Bókfært verð 1.1.2007	<u>7.675</u>	<u>717</u>	<u>8.392</u>
Afskrifað á árinu	(183)	0	(183)
Bókfært verð 31.12.2007	<u>7.492</u>	<u>717</u>	<u>8.208</u>
Afskriftahlutföll	2%	10-20%	

Fasteignamat húseigna og lóða í árslok nam samtals 5,6 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 23,4 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 14,6 millj. kr. í árslok 2007.

Lántaka

35. Lántaka greinist þannig:

Lán frá fjármálafyrirtækjum	<u>394.735</u>	<u>199.698</u>
-----------------------------------	----------------	----------------

Skýringar, frh.:

Lífeyrisskuldbinding

36. Sparisjóðurinn ber ábyrgð á eftirlaunum eins af fyrrverandi sparisjóðsstjórum. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur skuldbinding sparisjóðsins vegna þessa 9,6 millj. kr.

Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun 2007	9.658
Vextir og verðbætur	1.379
Greiddur lífeyrir	(1.416)
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2007	<u>9.621</u>

Skattskuldir

37. Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2007	22.516
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2007	14.358
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2008	(8.435)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2007	<u>28.439</u>

38. Tekjuskattsskuldbinding sjóðsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	26.053
Frestaður söluhagnaður	3.351
Lántökugjöld	(961)
Rekstrarfjármunir	(4)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2006	<u>28.439</u>

Eigið fé

39. Í árslok 2007 var stofnfé sparisjóðsins 205 millj. kr. og skiptist í jafn marga hluti. Sparisjóðurinn gaf út nýtt stofnfé á árinu að fjárhæð 195 millj.kr. Sparisjóðinn átti engin eigin bréf í árslok.

40. Eigið fé í árslok nemur 829,8 millj. kr. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 32,4% Samkvæmt lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2007	
	Bókfærð staða	Vegin staða
Áhættugrunnur:		
Bókfærðar eignir	1.845.348	2.126.773
Eignir til frádráttar eigin fé		(182.851)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings		50.263
Áhættugrunnur samtals		<u>1.994.185</u>

Skýringar, frh.:

40. frh.:

Eigið fé:	
Eiginfjárbáttur A:	
Bókfært eigið fé	829.838
Eiginfjárbáttur B:	
Eignarhlutir í fjármálastofnunum	(182.851)
Eigið fé samtals	<u>646.987</u>
Eiginfjárlutfall	32,4%

Liðir utan efnahagsreiknings

41. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessir liðir greinast þannig:

	2007	2006
Ábyrgðir	50.263	33.498
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	59.524	58.658

Veðsettar eignir

42. Sparisjóðurinn hefur selt sjóðstreymi af hluta af íbúðalánum sínum til Íbúðalánasjóðs, sem hefur yfirtekið alla útlánaáhættu tengda viðkomandi lánum.

Sjóðstreymi af útlánum selt til Íbúðalánasjóðs	33.524	38.925
--	--------	--------

Tengdir aðilar

43. Tengdir aðilar sparisjóðsins eru stjórn sparisjóðsins, sparisjóðsstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Lán til stjórnarmanna og félaga tengdum þeim	<u>8.780</u>	<u>4.772</u>
--	--------------	--------------

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á tímabilinu.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Atburðir eftir lok reikningsárs

44. Engin efnisleg atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings, sem krefjast myndu lagfæringar og breytingar á ársreikningi ársins 2007.

45. Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Ekki hvílir á sparisjóðnum skuldbinding vegna þessa í árslok 2007.

Skýringar, frh.:

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

46. Eins og tekið var fram í skýringu 1 um reikningsskilaaðferðir, þá var reikningsskilaaðferðum sjóðsins breytt.

Ársreikningur sparisjóðsins fyrir rekstrarárið 2007 er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2006 og efnahagsreikning 1. janúar 2006, þar sem breytingar miða við þann dag.

Fjárhæðum í efnahagsreikningi 1. janúar 2006 hefur verið breytt í samræmi við nýjar reikningsskilaaðferðir, en voru áður birtar í samræmi við eldri reikningsskilaaðferðir. Meðfylgjandi töflur og skýringar sýna hvaða áhrif breytingarnar hafa haft á fjárhagsstöðu sparisjóðsins.

Breytingar á eigið fé frá fyrri reikningsskilaaðferðum til nýrra aðferða:	Eigið fé
Eigið fé samkvæmt eldri reikningsskilaaðferðum 31. desember 2006	471.140
Eigið fé samkvæmt nýjum reikningsskilaaðferðum 1. janúar 2007	558.477
Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í nýjar aðferðir	87.337
Breytingar í byrjun árs 2006:	
Útlán	(4.808)
Afskriftareikningur útlána	20.304
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	40.604
Tekjuskattskuldbinding	(9.810)
Samtals breytingar vegna nýrra reikningsskilaaðferða 1. janúar 2006	46.290
Breytingar á árinu 2006:	
Lántökugjöld	(135)
Framlag í afskriftarreikning	(804)
Matsbreytingar á fjáreignum tilgreindum á gangvirði	51.347
Tekjuskattsáhrif	(9.361)
Samtals breytingar vegna nýrra reikningsskilaaðferða á árinu 2006	41.047
Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í nýjar aðferðir	87.337

Heildaráhrif yfirfærslu á eigið fé er hækkun um 87,3 millj. kr. Hér á eftir er farið yfir áhrifin af þessum nýju reikningsskilaaðferðum á rekstrar- og efnahagsreikning.

Lántökugjöld

Lántökugjöld tekjufærast/gjaldfærast á lánstímanum í stað þess að vera færð sem tekjur/gjöld á lántökudegi. Þar af leiðandi lækka vaxtatekjur og vaxtagjöld sparisjóðsins til skamms tíma, en langtímaáhrif verða óveruleg. Breyting á eigin fé vegna þessa er lækking um 4,5 millj. kr.

Virðisrýrnun útlána og krafna

Sparisjóðurinn hefur framkvæmt virðisrýrnunarpróf á útlánum og leiddi það til hækkunar á eigin fé um 19,5 millj. kr.

Sparisjóðurinn yfirfer nú öll útlán til að ganga úr skugga um hvort þar sé að gæta hlutlægra vísbendinga um virðisrýrnun sem áhrif hefur á vænt fjárstreymi af útláninu. Útlánið verður þá fært niður í núvirði vænts fjárstreymis.

Skýringar, frh.:

46. frh.:

Vaxtafrysting útlána

Vaxtafrysting útlána hefur verið hætt, en samkvæmt eldri reglum voru vextir af útlánnum þar sem vanskil voru eldri en þriggja mánaða ekki tekjufærðir.

Óskráðar eignir metnar á gangvirði

Sparisjóðurinn metur öll hlutabréf sín í óskráðum félögum á áætluðu gangvirði í stað kaupverðs eða markaðsverðs, ef það var áætlað lægra en kaupverðið. Þessar breytingar leiða til gengishagnaðar sem færast í rekstrarreikning. Í kjölfarið hækkaði eigið fé 1. janúar 2007 um 92,0 millj. kr. vegna hækkunar á óskráðum eignum metnum á gangvirði.

Tekjuskattskuldbinding

Vegna framangreindra breytinga hækkar skattskuldbinding sjóðsins um 19,3 millj. kr. og eigið fé lækkar um sömu fjárhæð.

Skýringar, frh.:

46. frh.:

Efnahagsreikningur, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í nýjar reikningsskilaaðferðir

Fyrri reikningsskilaaðferðir 31. desember 2006	Breyting á			Nýjar reikningsskila- aðferðir 1. janúar 2007
	Mats- breyting	fram- setningu		
Sjóður	7.381			7.381
Kröfur á lánastofnanir.....	90.987			90.987
Útlán.....	561.682	14.557		576.239
Markaðsverðbréf og eignar- hlutir í félögum.....	473.195	91.951		565.146
Hlutir í hlutdeildarfélögum.....	1.854			1.854
Rekstrarfjármunir.....	8.392			8.392
Aðrar eignir.....	247			247
Eignir samtals	1.143.738	106.508	0	1.250.246
Innlán	440.790			440.790
Lántaka.....	199.698			199.698
Tekjuskattsskuldbinding.....	3.345	19.171		22.516
Lífeyrisskuldbinding.....	9.658			9.658
Aðrar skuldir.....	19.107			19.107
Eigið fé.....	471.140	87.337		558.477
Skuldir og eigið fé samtals	1.143.738	106.508	0	1.250.246
				Sjóður
				Kröfur á lánastofnanir
				Útlán
				Fjáreignir tilgreindar á á gangvirði
				Hlutir í hlutdeildarfélögum
				Rekstrarfjármunir
				Aðrar eignir
				Almenn innlán
				Lántaka
				Tekjuskattsskuldb.
				Lífeyrisskuldbinding
				Aðrar skuldir
				Eigið fé
				Skuldir og eigið fé samtals

Skýringar, frh.:

46. frh.:

Rekstrartengdar breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í nýjar aðferðir

Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit um áhrif breytingarinnar yfir í nýju reikningsskilaaðferðirnar greint eftir breytingu á mati og framsetningu.

Rekstrarreikningur 2006, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í nýjar reikningsskilaaðferðir

	Breyting á				
	Matsbr.		framsetn.		
Fyrri reikningsskilaaðferðir					Nýjar reikningsskilaaðferðir
Hreinar vaxtatekjur.....	39.179	(135)		39.044	Hreinar vaxtatekjur
Þjónustutekjur.....	9.023			9.023	
Þjónustugjöld.....	(1.348)			(1.348)	Hreinar þjónustutekjur
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum.....	1.393	51.347	59.360	112.100	Hreinar tekjur af fjáreignum / fjárskuldum
Gengishagnaður.....	59.360		(59.360)	0	
Ýmsar rekstrartekjur.....	8.207			8.207	Aðrar rekstrartekjur
Laun og launatengd gjöld.....	(24.250)			(24.250)	Laun og launatengd gjöld
Annar rekstrarkostnaður.....	(22.843)			(22.843)	Annar rekstrarkostnaður
Afskriftir.....	(183)			(183)	Afskriftir
Framlag í afskriftareikning.....	(3.645)	(804)		(4.449)	Virðisrýrnun útlána og krafna
Tekjuskattur.....	(11.319)	(9.361)		(20.680)	Tekjuskattur
Hagnaður ársins	53.574	41.047	0	94.621	Hagnaður ársins